

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 143/1640*  
*komudagur 21.4.2014*

Nefndarsvið Alþingis  
b.t. allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík  
2014-04-21

Umsögn Vantrúar um frumvarp til breytinga á lögum nr. 78/1997, þingskjal 756 - mál 417.

Félagið Vantrú fagnar breytingum að því leyti sem þær leiða til styttingar á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti Þjóðkirkjunnar.

Vantrú harmar að þær muni ekki hafa "áhrif á framlög til hennar úr ríkissjóði."

Vantrú leggur til breytingu á fyrsta málsliði annars töluliðs 11. greinar:

Í stað "11,3%" í 2. gr. laganna kemur: "3%"

Rökstuðningur fyrir þessari breytingu er eftirfarandi: Þjóðkirkjan staðhæfir að hún sé ekki ríkisrekin. Þó svo að þetta sé rangt, þá má túlka þetta sem ósk um að hún verði ekki ríkisrekin. Vantrú vill einnig að Þjóðkirkjan verði ekki fjármögnuð með framlögum úr ríkissjóði.

Núverandi upphæð sem fer til kirkjumálasjóðs (11,3% af sóknargjöldum) byggir ekki á neinum samningum við Þjóðkirkjuna, heldur er um beint framlag ríkisins að ræða. Í ljósi óska kirkjunnar er eðlilegt að framlögum til kirkjunnar úr ríkissjóði verði hætt. Sanngjarnt er að Þjóðkirkjan fái þá upphæð sem samið var um vegna prestssetra (3%) þangað til hægt verður að hætta þeim greiðslum alfarið með fullnaðaruppgjöri.

Loks viljum við benda á að sú staðreynd að svona breyting á stjórnarháttum Þjóðkirkjunnar þurfi að fara í gegnum Alþingi sýnir svo ekki verði um villst að Þjóðkirkjan er ekki sjálfstætt trúfélag, heldur er henni stjórnað af ríkinu. Því þarf að breyta.

Virðingarfyllt, f.h. Vantrúar  
Hjalti Rúnar Ómarsson, ritstjóri Vantrú.is